

5. fundur Betadeildar starfsárið 2017 – 2018 haldinn á heimili Þorgerðar Sigurðardóttur, Austurbyggð 4, miðvikudaginn 10. jan. 2018 kl. 19:30.

1. Setning fundar

Aníta setti fundinn, þakkaði Þorgerði fyrir að bjóða Betadeild til sín og flutti kveðjur fjarstaddra kvenna. Hildur Hauksdóttir kveikti á kertum og að því loknu fól Aníta Margréti Jónsdóttur að sjá um fundarstjórn fyrir hönd undirbúningshóps.

2. Erindi frá stjórn

- Aníta auglýsti eftir eiganda nælu sem fannst eftir fundinn í Símei. Engin gaf sig fram.
- Aníta færði Maríu Gunnarsdóttur rós og gefandi gjöf frá UNICEF í tilefni þess að María fagnaði fimmtugsafmæli þann 12. nóv. sl. Að því loknu var sunginn afmælissöngur til heiðurs Maríu.
- Önnur mál: Eygló minnti á erindi frá landssambandsforseta um að konur bjóði sig fram í undirbúningsnefndir vegna Evrópuþings. Eygló hvatti konur til þess að íhuga það.

3. Bókaumræða

Undir þessum lið stýrði undirbúningshópur umræðum um þær bækur sem Betakonur hafa lesið og vilja deila hugrenningum sínum um. Erna tímavörður úthlutaði þremur mínútum á hverja konu og bað konur um að virða tímamörk. Að venju voru umræðurnar áhugaverðar og skemmtilegar og fjölbreytt úrval bóka tekið til til umræðu. Í lok umræðna var samþykkt að bækurnar *Ásta* eftir Jón Kalman og *Kviksyndi* eftir Malin Persson Giolito yrðu ræddar á marsfundi. Bókalistinn verður birtur á vefsvæði Beta. Kaffihlé var tekið þegar umræður voru hálfnaðar og var boðið upp á veglegar veitingar í boði kaffinefndar. Í kaffihléi var pyngjan látin ganga og dregið var í happadrættinu þar sem Eygló Björnsdóttir hreppti hnossið.

4. Fundarslit

Í fundarlok færði Aníta undirbúningsnefndum þakkir fyrir góðan og gefandi fund, þakkað Þorgerði fyrir að taka á móti okkur og bað hana um að slökkva á kertum. Formaður sleit síðan fundi kl. 22.

Fundargerð ritaði Fríða Pétursdóttir